



Fréttabréf Naustaskóla

10. tölublað, 8. árgangur, 2. nóvember 2015

Ábyrgðarmaður: Ágúst Jakobsson

Námsaðlögun • Athvarf • Umhyggja • Samvinna • Táp og fjör • Allir með!

Sníkjudýrin

Nú hefur ekkert frést af lús í nokkra daga en það skal samt ítrekað að mikilvægt er að kemma reglulega, það besta sem lúsinn veit er að við sofnum á verðinum! Svo höfum við frétt af njálg á ferðinni og þá gildir að ítreka mikilvægi handþvotta fyrir börnunum!

Umferð um bílastæði

Sem fyrr minnum við á sleppistæðin sem eru við Kjarnagötu og Lækjartún og hvetjum til þess að þau séu nýtt ef börnum er ekið í skólann. Eitthvað hefur borið á að bílum sé lagt á hringtorgið við aðalinngang skólans en það er auðvitað hið versta mál því þeir sem af einhverjum ástæðum þurfa að aka börnum sínum alveg heim að dyrum þurfa að geta snúið við þar án þess að þurfa að bakka. Við mælumst því eindregið til að bílum sé lagt í stæði en ekki á hringtorgið!!!

Kæra skólasamfélag

Næstu vikurnar ber hæst hefðbundið skólastarf en þó eru fastir liðir í skólastarfinu sem setja lit á lífið. Þar má nefna nemendadaginn, þar sem nemendaráð skipuleggur skólastarfið að venju, og “árshátíðarball” unglíngastígsins um næstu mánaðamót. Þá bjóða stjórnendur foreldrum til morgunspjalls í lok mánaðar og á degi íslenskrar tungu þann 16. nóvember ætlum við að blása til lestrarátaks sem verður nánar auglýst síðar. Þannig gengur lífið í skólanum sinn vanagang og yfirleitt gengur það ljómandi vel, en á hátt í 500 manna vinnustað getur óneitanlega ýmislegt komið upp á. Eins og margir urðu varir við varð um miðjan mánuðinn töliverð netmiðlaumræða um mál sem snerti skólann okkar og kom sú umræða reyndar í kjölfar nokkurra annarra fjölmiðlamála þar sem hinir og þessir skólar landsins hafa verið útmálaðir að ósekju sem gróðrastíur eineltis og ofbeldis. Skólar eru alltaf berskjaldaðir fyrir umræðu af þessu tagi enda eiga þeir erfitt með að koma upplýsingum á framfæri vegna persónuverndarsjónarmiða, hins vegar eru alltaf að minnsta kosti tvær hliðar á hverju máli og því varasamt að draga stórar ályktanir eða fella sleggjudóma eftir einhliða og óvandaða umfjöllun af þessu tagi. Það var eins í okkar tilfelli en við birtum smá yfirlýsingu á heimasíðu skólans í samráði við hlutaðeigandi aðila. Af þessu tilefni langar mig hins vegar enn og aftur til að koma því á framfæri að ýmis gögn sem varða skólastarf í Naustaskóla má nálgast á heimasíðu skólans en við höfum alltaf verið ófeimin við að leggja hin ýmsustu matsgögn á borðið og æskjum þess að verða vegin og metin út frá raunverulegum gögnum. Staðreyndin er nefnilega sú að þessi gögn bera starfinu í Naustaskóla gott vitni og staðfesta að við stöndum vel í samanburði við aðra skóla landsins. Til að nefna eitthvað má þar t.d. nefna að í foreldrakönnun Skólapúlsins sl. vor kom í ljós að Naustaskóli er annar af tveimur skólum á Akureyri þar sem foreldrar meta líðan barna sinna í skólanum almennt hvað besta. Við skulum því halda áfram að bera höfuðið hátt, vera stolt af skólanum okkar og leggja öll okkar af mörkum til að byggja upp og bæta hann enn frekar, börnunum okkar til hagsbóta.

Bestu kveðjur úr skólanum, Ágúst Jakobsson, skólastjóri



Margföldunarstigi

Foreldrafélagið okkar hefur nú breytt stiganum í skólanum í sannkallaðan margföldunarstiga. Frábært framtak sem bæði fræðir og lífgar upp á umhverfið og við þökkum kærlega fyrir!

Á skólatíma 1. september til 1. maí

12 ára börn og yngri
mega lengst vera úti til kl. 20
13 – 16 ára börn mega
lengst vera úti til kl. 22

Morgunkaffi með stjórnendum

Í síðustu viku nóvembermánaðar bjóðum við upp á svokallað “morgunkaffi með stjórnendum”. Það þýðir að kl. 8:10-09:00 á ákveðnum dögum verður heitt á könnunni á kaffistofu skólans og þar verða stjórnendur til viðtals fyrir foreldra nemenda í ákveðnum námshópum. Þarna er um að ræða frekar óformlegt spjall um skólastarfið en um leið er þetta vettvangur til að fá fram sjónarmið foreldra um það sem vel gengur og það sem betur má fara. Þetta ætti því að vera gott tækifæri fyrir foreldra til að fá upplýsingar, skiptast á skoðunum og velta fyrir sér starfinu í skólanum okkar. Dagsetningar má á baksíðu fréttabréfsins (matseðlinum) en við minnum einnig á þessar upptökur þegar nær dregur. Við vonumst eftir að sjá sem flesta í notalegu morgunkaffi.





Naustaskóli við Hólmatún, 600 Akureyri

www.naustaskoli.is - naustaskoli@akureyri.is - Sími 460-4100 - Frístund sími 460-4111

Nóvember 2015

Sun	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau
1	2 Fiskbúðingur, kartöflur, karrýsósá og gúrka. Ávextir.	3 Mexíkósk kjúklingasúpa og salatbar. Ávextir. Opíð hús 8-10b	4 Grænmetis eggjabaka, bankabyggsalat og gúrkudressing. Ávextir.	5 Soðinn fiskur, kartöflur, gulrætur og lauksmjör. Ávextir.	6 Nautapottréttur, hrísgrjón og salatbar. Ávextir. Rugludagur	7
8	9 Plokkfiskur, gúrka og rúgbrauð. Ávextir.	10 Lasagna, hvítlauksbrauð og salat. Ávextir. Opíð hús 8-10b	11 Fiskur í raspi, steiktur kartöflur, salatbar og sólskinsdressing. Ávextir.	12 Hrísgrjónagrautur, slátur og salatbar. Ávextir.	13 Pizza og salat. Ávextir. Nemendadagurinn, skóla lýkur kl. 12:00	14
15 Dagur íslenskrar tungu	16 Hakkréttur, spagettí og gúrka. Ávextir. Dagur íslenskrar tungu	17 Soðinn fiskur, grænmeti, kartöflur, tómatsósa og salatbar. Ávextir. Opíð hús 8-10b	18 Grísasnitset, kartöflu-gratín, salat og pipar-sósa. Ávextir.	19 Ofnbakaður fiskur í tandoorisósu, hrísgrjón og paprika. Ávextir.	20 Aspassúpa, brauð og salatbar. Ávextir.	21
22	23 Soðinn fiskur, kartöflur, rófur og brætt smjör. Ávextir. Morgunkaffi með stjórnum - 1.b.	24 Hakkabuff, kartöflur, rifnar gulrætur og lauksósa. Ávextir. Opíð hús 8-10b Morgunkaffi með stjórnum - 2.-3.b.	25 Ofnbakaður fiskur í ostasósu, hrísgrjón og salatbar. Ávextir. Morgunkaffi með stjórnum - 4.-5.b.	26 Steiktur kjúklingur, kartöflur, sveppasósa og gúrka. Ávextir. Morgunkaffi með stjórnum - 6.-7.b.	27 Skr, brauð, álegg og salatbar. Ávextir. Skreytingadagur Rauður dagur Morgunkaffi með stjórnum - 8.-10.b.	28
29	30 Spagettifiskur og salat. Ávextir. Smíðjuskil hjá 4.-7.b. Möppuskil í vikunni	1. des. Kjötballur, kartöflur, brún sósa og gúrka. Ávextir. Fullveldisdagurinn	2 Steiktur fiskur, kúskús, hvítlauksdressing og salatbar. Ávextir.	3 Súrsætur grísapott-réttur, hrísgrjón og salat. Ávextir.	4 Pepperonipasta og salatbar. Ávextir. Árshátíðarball unglingsstigs	5

Muna:

- Nemendadagurinn 13. nóvember er stuttur dagur, skóla lýkur þá kl. 12:00 en Frístund er opin fyrir skráða nemendur
- Morgunkaffi með stjórnum vikuna 23.-27. nóvember